



Ályktun frá stjórn Samtaka fiskframleiðenda og útflytjenda (SFÚ) vegna ályktunar landsfundar Sjálfstæðisflokksins um sjávarútvegsmál:

Sjálfstæðisflokkurinn velur sovéska virðiskeðju í stað samkeppni

Landsfundur Sjálfstæðisflokksins fullyrðir í ályktun um sjávarútvegsmál að „[g]rundvöllur arðsemi sjávarútvegs mun byggja á samþættingu veiða, vinnslu og markaðar“. Hér er vísað til hinnar svonefndu „óslitna virðiskeðju“ þar sem aðgangi að auðlind er úthlutað til aðila, sem hefur á hendi veiðar, vinnslu og sölu allt til smásölustigs án þess að krafa sé gerð um að afli sé boðinn til sölu á markaði.

Vera má að hin „óslitna virðiskeðja“ tryggi hámarksarðsemi til stórra útgerða en með því að sniðganga markaðslausnir til verðlagningar á aðgangi að auðlindinni og við sölu á afla er hámarksarðsemi til íslensku þjóðarinnar og hagkerfisins í heild langt frá því að vera tryggð. Hin „óslitna virðiskeðja“ þar sem einn og sami aðili heldur á öllum þáttum frá veiðum til endanlegrar sölu á sér fyrirmynd í áætlunarbúskap að sovískum hætti en á lítið skylt við vestrænan markaðsbúskap, sem byggir á því lögmáli að markaðurinn sé best fallinn til að verðleggja takmörkuð gæði.

Það vekur furðu að flokkur, sem kennir sig við frelsi og samkeppni, skuli hafna markaðslausnum fyrir eina mikilvægustu gjaldeyrisskapandi atvinnugrein þjóðarinnar. Þá vekur einnig furðu að Sjálfstæðisflokkurinn skuli álykta um sjávarútvegsmál án þess að víkja einu orði að sjálfstæðum framleiðendum og útflytjendum eða fiskmörkuðum.

Landsfundurinn fullyrðir einnig að íslenskur sjávarútvegur sé „í daglegri samkeppni við erlendan ríkisstyrktan sjávarútveg“ og gefur þannig í skyn að íslenskur sjávarútvegur sé ekki ríkisstyrktur. Þetta er fjarri veruleikanum þar sem íslenskur sjávarútvegur nýtur í raun mikilla ríkisstyrkja. Stórútgærðin greiðir ekki markaðsverð fyrir aðgang sinn að sameiginlegri auðlind þjóðarinnar og í því felst umfangsmikil niðurgreiðsla, sem er ekkert annað en ríkulegur ríkisstyrkur. Þá búa útgærðir sem vinna eigin afla við þau forréttindi að greiða lægra verð fyrir hráefni en sjálfstæðir framleiðendur, sem þurfa að kaupa sitt hráefni á markaði á markaðsverði.

Það er því fráleitt að stilla málum svo upp, sem landsfundur Sjálfstæðisflokksins gerir, að íslenskur sjávarútvegur sé óstuddur að keppa við ríkisstyrktan erlendan sjávarútveg.

Hið rétta í málinu er að stórútgærðir með vinnslu hafa gríðarlegt samkeppnisforskot á sjálfstæða framleiðendur sem afla sér hráefnis á markaði. Þetta samkeppnisforskot byggist á niðurgreiddum aðgangi að sameiginlegri auðlind þjóðarinnar og sérstökum afslætti á hráefni

til vinnslu í gegnum tvöfalt verðmyndunarkerfi í sjávarútvegi hér á landi, sem verndað er af lögum og reglugerðum pólitískra afla ekki síst Sjálfstæðisflokksins.

Hið tvöfalda verðmyndunarkerfi skerðir laun sjómanna og veldur beinu tekjutapi ríkisins auk þess sem það kemur beinlínis í veg fyrir hámarksafkast útflutningstekna þjóðarinnar eins og dæmin sýna.

Tvöfalda verðmyndunarkerfið leiðir til þess að sjálfstæðir framleiðendur, sem hafa verið í fararbroddi með nýsköpun, vöruþróun, virðisauka og markaðssetningu íslensks sjávarfangs erlendis undanfarin ár og áratugi, eiga undir högg að sækja. Hin óslitna sovéska virðiskeðja, sem landsfundur Sjálfstæðisflokksins lofsamar sem grundvöll „arðsemi sjávarútvegs“ stendur í vegi fyrir verðmætasköpun í íslenskum sjávarútvegi og hindrar hámarksafkast útflutningstekna þjóðarinnar af sjávarfangi.

SFÚ lýsir furðu sinni á því að flokkur sem kennir sig við frelsi og framtak skuli velja sovéskan áætlunarbúskap umfram frjálsa samkeppni. Heilum aldarfjórðungi eftir að Sovétríkin liðu undir lok þrífst hin sovéska virðiskeðja í íslenskum sjávarútvegi á kostnað frjáls framtaks, samkeppni og þjóðarinnar sjálfrar en í skjóli Sjálfstæðisflokksins.

SFÚ er tilbúið til viðræðna og samstarfs við sjálfstæðismenn og aðra um breytingar á lögum og reglum til að koma á eðlilegu samkeppnisumhverfi og samkeppni í íslenskum sjávarútvegi til að tryggja hámarksafkastur af þjóðarauðlindinni í þágu þjóðarbúsins alls.

Reykjavík, 26. október 2015

F.h. stjórnar SFÚ

Ólafur Arnarson